



Forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Dagsetning 12. júlí 2024
Málsnúmer FJR24050007

Tilnefning vegna skipunar varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika

Embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika var auglýst til umsóknar 9. apríl 2024. Sjö umsækjendur sóttu um embættið en einn umsækjenda dróg umsókn sína til baka.

Forsætisráðherra skipar í embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika til fimm ára að fenginni tilnefningu þess ráðherra sem fer með efnahagsmál og málefni fjármálamarkaðar, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands. Í samræmi við framangreint metur fjármála- og efnahagsráðherra hæfni umsækjanda. Að loknu hæfnismati sendir fjármála- og efnahagsráðherra forsætisráðherra, tilnefningu um skipun í embættið.

Með bréfi, dags. 28. maí sl., var skipuð hæfnisnefnd í samræmi við 7. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019. Hæfnisnefndin skilaði greinargerð sinni þann 30. júní sl., í samræmi við reglur nr. 977/2019, um störf ráðgefandi nefnda er fjalla um hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra.

Að undangengnu heildstæðu og samræmdu mati á hæfni umsækjenda samkvæmt öllum matsþáttum var það niðurstaða nefndarinnar að þau Eggert Þróstur Þórarinsson, Guðrún Johnsen, Haukur C. Benediktsson og Tómas Brynjólfsson væru öll mjög vel hæf og vel til þess fallin að gegna embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika. Að mati nefndarinnar töldust aðrir umsækjendur, þau Bryndís Ásbjarnardóttir og Lúðvík Elíasson, vel hæfir til að gegna embættinu.

Greinargerð hæfnisnefndar og önnur gögn málsins hafa verið yfirfarin í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að vinna hæfnisnefndar og umfjöllun hennar og nálgun gagnvart matskenndum viðmiðum, sem tilgreind eru í lögum og auglýsingu, hafi verið hlutlaus og fagleg. Í kjölfar rýni greinargerðar hæfnisnefndar innan ráðuneytisins lagði ég sjálfstætt mat á hæfni umsækjenda. Þá bauð ég þeim umsækjendum sem hæfnisnefndin taldi fullnægja best hæfnisskilyrðum um embættið til viðtals þar sem spurt var um reynslu þeirra, þekkingu og viðhorf til viðfangsefna sem ætla mætti að reyndi á í embættinu. Viðtölin fóru fram 8. júlí 2024 og voru lagðar fram staðlaðar spurningar fyrir umsækjendurna, sbr. meðfylgjandi skjal.

Á grundvelli greinargerðar hæfnisnefndarinnar og niðurstöðu hennar og annarra fyrirliggjandi gagna og viðtala við umsækjendur, er það niðurstaða mín að Tómas Brynjólfsson standi öðrum umsækjendum um stöðu varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika framar. Hann býr yfir yfirgripsmiklli þekkingu á málaflokknum og stjórnsýslu fjármálakerfisins en Tómas hafði m.a. aðkomu að mótun laga um fjármálastöðugleika og starfsemi fjármálafyrirtækja. Þá hefur hann mikla þekkingu og reynslu á sviði efnahagsmála auk fjármálaeftirlits. Tómas er reyndur stjórnandi og hefur skýra sýn á hlutverk Seðlabankans og þær áskoranir sem bankinn stendur frammi fyrir. Þessir þættir komu skýrt fram í viðtali við Tómas.

Með vísan til framangreinds og niðurstöðu hæfnisnefndar er það mat mitt að Tómas Brynjólfsson sé hæfastur umsækjenda til að gegna stöðu varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika. Tilnefni ég hann hér með í stöðu varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika.

Sigurður Ingi Jóhannsson

Fylgiskjal: Viðtalsspurningar